



Greining á landnotkun og
ferðapjónustu og mögulegum
áhrifum vegna fyrirhugðarar
Kjalölduveitu

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2017-077

Dags: September 2017

Fjöldi síðna: 6

Upplag: 3

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til

Titill: Greining á landnotkun og ferðaþjónustu og mögulegum áhrifum vegna fyrirhugaðrar Kjalölduveitu

Höfundar/fyrirtæki: KP/EBA VSÓ Ráðgjöf

Verkefnisstjóri: Helgi Bjarnason

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Markmið verkefnisins er að gera grein fyrir landnotkun og útivist og ferðaþjónustu á því svæði þar sem Kjalölduveita er fyrirhuguð og meta áhrif framkvæmdarinnar þar á. Núverandi landnotkun er skoðuð, sérstaklega hvað varðar beit og veiði auk þess sem gerð er grein fyrir stefnumörkun um landnotkun og þeim svæðum sem njóta verndar. Þá er gerð grein fyrir því hvort ferðamenn og útvistarfólk noti framkvæmdasvæðið eða eigi þar leið um. Áhrif framkvæmdarinnar á útivist og landnotkun er metin og spáð fyrir um áhrif í framtíðinni.

Lykilorð: Landnotkun, útivist, ferðaþjónusta, Kjalölduveita

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Helgi Bjarnason", written over a horizontal line.

14208

\\VSOFILE01\Verk\2014\14208\03_Rannsóknir\Landnotkun og útivist\14208_gr_landnotkun-ferðamennska.docx

September 2017

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
drög	07.04.2017	KP/EBA	AM	AM
1	24.08.2017	EBA	AM	AM

Efnisyfirlit


1	Tilgangur verkefnis	2
2	Afmörkun svæðis	2
3	Lýsing á framkvæmd og helstu áhrifapáttum	2
4	Landnotkun og ferðaþjónustu	3
5	Áhrif framkvæmda á landnotkun og ferðaþjónustu	4
6	Heimildir	4

1 Tilgangur verkefnis

Markmið verkefnisins er að gera grein fyrir landnotkun og útivist og ferðapjónustu á því svæði þar sem Kjalölduveita er fyrirhuguð og meta áhrif framkvæmdarinnar þar á. Núverandi landnotkun er skoðuð, sérstaklega hvað varðar beit og veiði auk þess sem gerð er grein fyrir stefnumörkun um landnotkun og þeim svæðum sem njóta verndar. Þá er gerð grein fyrir því hvort ferðamenn og útvistarfólk noti framkvæmdasvæðið eða eigi þar leið um. Áhrif framkvæmdarinnar á útivist og landnotkun er metin og spáð fyrir um áhrif í framtíðinni.

2 Afmörkun svæðis

Rannsóknasvæðið er staðsett við Þjorsá rétt fyrir ofan Kjalöldur. Afmörkun svæðisins má sjá á mynd 2.1.




Mynd 2.1 Afmörkun rannsóknarsvæðis

3 Lýsing á framkvæmd og helstu áhrifabáttum

Framkvæmd Kjalölduveitu felst í meginráttum í því að Þjorsá er stífluð norðvestan við Kjalöldur. Þar mun myndast lón, Kjalöldulón, með yfirfallshæð 555 m.y.s. Stærð lóns verður að jafnaði 2,9 km². Stíflan verður 650 m löng og gerð úr jarðefnum af staðnum. Í lægð vestan við Kjalöldustíflu þarf að hækka land með lágum garði sem verður um 1400 m langur. Austan við aðalstífluna er fyrirhugað yfirfall til framhjärennslis í flóðum og er lengd þess áætluð 230 m. Mesta hæð aðalstíflunnar er um 28 m.

Vatni verður veitt úr lóni um aðrennslisskurð að dælustöð og sprengdum göngum sem liggja um Kjalöldur og opnast í frárennslisskurð sem gengur út í lón sem nefnist Grjúptakvíslarlón. Veitugöngin verða um 6,4 km að lengd frá dælustöð að gangaúttaki. Við enda veituganga verður steypt úttaksvirki með tveimur vatnsrásum. Grjúptakvíslarlón verður myndað með Grjúptakvíslarstíflu en stíflan mun liggja þvert yfir gamlan farveg Grjúptakvíslar. Veituskurður úr Grjúptakvíslarlóni verður grafinn í gegnum núverandi veg á Sprengisandsleið og veitir vatni frá Kjalölduveitu yfir í Kvíslaveitur á stað sem nefndur er Illugaver.

Gert er ráð fyrir að vegur verði lagður frá Sprengisandsleið að stíflu og dælustöð veitunnar. Gert er ráð fyrir að aðalheimtaug að dælustöðinni verði jarðstrengur frá Vatnsfellsstöð. Hægt er að sjá fyrirhugaða framkvæmd merkta inn á kort á mynd 4.1



Mynd 4.1 Fyrirhugað Kjalölduveita og umhverfi

4 Landnotkun og ferðþjónusta

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði liggur að mestu innan Ásahrepps, en teygir sig inn í Gnúpverjahrepp við vesturbakka Þjórsár. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er með óskilgreinda landnotkun skv. landsskipulagsstefnu. Friðlýst svæði eru staðsett nálægt framkvæmdarsvæðinu, Þjórsárver fyrir norðan svæðið og Vatnajökulsþjóðgarður fyrir austan svæðið. Land norðan svæðisins er á náttúruverndaráætlun, en sú tillaga hefur verið skilgreind af Umhverfisstofnun sem stækkun friðlands í Þjórsárverum. Samkvæmt rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er fyrirhugað framkvæmd í verndarflokki.

Samkvæmt upplýsingum frá Ásahrepp er landnotkunin á svæðinu aðallega fólksflutningar á sumrin og hefðbundin afréttarnot, það er sumarreit sauðfjár, en þó hefur dregið verulega úr beitarálagi á svæðinu vegna fækkunar sauðfjár (Egill Sigurðsson, oddviti Ásahrepps, tölvupóstur, 29. Janúar 2015; Landsvirkjun, 2001). Aðalfjallvegur, Sprengisandur (F26), liggur í gegnum áhrifsvæðið og mun veituskurður úr Grjótaákvíslarlóni fara undir veginn á kafla. Meðalumferð á dag yfir árið 2016 (ÁDU) um Sprengisandsleið var um 15 bílar. Um sumarið var meðalumferð á dag (SDU) 45 bílar en um veturinn var meðalumferðin 2 bílar (Vegagerðin 2016). Gert er ráð fyrir að vegtenging verði frá Sprengisandsleið yfir Þjórsá að fjallvegi á Gnúpverjafrétti um stíflu við Kjalöldu.

Veiði í vötnum á svæðinu er vinsæl afþreying. Töluverð veiði er í Þórisvatni, Köldukvísl, Kvíslavatni og Kvíslaveitum en öll meðferð skotvopna er óheimil á friðlandi Þjórsárvera. Þá eru reglulega skipulagðar hestaferðir um svæðið og eru þær að meðaltali 5 á ári og um 20 manns í hverri ferð. Um tíma voru skipulagðar gönguferðir um svæðið en þær hafa lagst af (Eldhestar, tölvupóstur, 8.febrúar 2015). Engir veiðikofar eða fjallasel eru innan rannsóknasvæðisins.

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið undanfarið sem koma til Íslands og hlutdeild ferðþjónustunnar í gjaldeyristekjum þjóðarinnar aukist, en hún er nú um 20% (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012). Sérstæð og fjölbreytileg náttúra er aðal aðráttarafi landsins,

en um 88% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna hennar og um 50% koma vegna öræfanna. Til viðbótar við fjölbreytilega og einstæða náttúru á hálendinu felst aðdráttarafli þess í fámenninu og fjarveru hins manngerða (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012). Í landsskipulagsstefnu kemur fram það markmið að óbyggðaupplifun og náttúrugæði á miðhálandi Íslands skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Ferðamenn sem fara um á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru líklegir til að aðhyllast aðallega náttúruferðamennsku, nánar tiltekið ferðmennsku í náttúrulegu umhverfi og ævintýraferðamennsku.

5 Áhrif framkvæmda á landnotkun og ferðapjónustu

Helstu áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun og ferðapjónustu eru breyttar samgöngur vegna slóðagerðar og stíflu yfir Þjórsá. Svæðið sem fer undir fyrirhugað framkvæmdarsvæði er ekki mikið notað af ferðapjónustuaðilum í dag en þeir sjá þó mörg tækifæri fyrir svæðið í framtíðinni og snýr sú sýn mest að náttúruferðamennsku. Líkleg áhrif framkvæmdarinnar á þennan umhverfispátt er að ferðamenn sem aðhyllast náttúruferðamennsku hætti að heimsækja tilgreint svæði. Ástæða þess er tilkoma mannvirkja á svæðið þannig að náttúruferðamaðurinn nær ekki þeirri upplifun sem hann sækist eftir, þ.e. að vera í ósnortinni náttúru.

Breyttar samgöngur geta haft mikil áhrif bæði á landnotkun og ferðapjónustu því með bættum samgöngum má búast aukinni umferð um svæðið, þá t.d. veiðimenn og ferðamenn (aðrir en náttúruferðamenn). Slík áhrif geta orðið bæði jávæð eða neikvæð og óvist um hvernig þróunin verður. Aukið aðgengi að náttúru tryggir rétt almennings til að ferðast um landið og njóta náttúrunnar en ef umferð eykst úr hófi gæti það reynt á þolmörk svæðisins.

Niðurstöður greiningar á landnotkun og ferðapjónustu og mögulegum áhrifum vegna framkvæmda er að framkvæmdin er líkleg til að hafa óveruleg neikvæð áhrif á landnotkun og ferðapjónustu. Framkvæmdir munu ekki hindra að svæðið verði nýtt til beitarráðgjafar eða fólksflutninga. Helstu áhrif á ferðapjónustu er að hún muni breytast með tilkomu mannvirkja og bættu aðgengi að svæðinu. Ferðamenn sem aðhyllast náttúruferðamennsku munu líklega ekki lengur sækja í svæðið.

6 Heimildir

Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2012). *Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur*. Sótt 3. April 2017 af www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/fylgigogn-raflinur-i-jord/47-Ferdamennska_a_midhalendi_Islands_loka_ths_ad%5B1%5D.pdf

Egill Sigurðsson, oddviti Ásahrepps, tölvupóstur, 29. janúar 2015

Eldhestar, tölvupóstur, 8.febrúar 2015

Landsvirkjun. (2001). *Norðlingaölduveita - matsskýrsla*.

Vegagerðin. (2016). Umferðartölur á korti. Sótt 10. ágúst 2017 af <http://umferd.vegagerdin.is/>



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

